

Verkefnið „Vinnulag í háskólanámi“

styrkt af Kennslumálasjóði Háskóla Íslands 2017

Verkefnið, sem hefði ekki verið framkvæmt án styrks úr Kennslumálasjóði Háskóla Íslands, fólst í að gera tilraun með að auka samfellu í námi nemenda í Tómsunda- og félagsmálafræði, Íþróttá- og heilsufræði, Þroskaþjálfingfræði og Uppeldis- og menntunarfræði og hjálpa þeim að tileinka sér vinnulag í háskólanámi. Verkefnið var framkvæmt á haustmíssi 2017 og fólst í samstarfi inngangsnámskeiðanna á umræddum fjórum námsleiðum og vinnulagsnámskeiðsins sem er sameiginlegt fyrir námsleiðirnar. Samvinnan var með þeim hætti að nemendur unnu ritgerð í Vinnulagi í háskólanámi og unnu svo framhaldsverkefni sem byggð voru á henni í inngangsnámskeiðunum.

Ritgerðin í vinnulagsnámskeiðinu var þess eðlis formkröfur voru þær sömu fyrir nemendur úr öllum inngangsnámskeiðunum. Efnislegar kröfur voru hins vegar skilgreindar af kennurum inngangsnámskeiðanna fyrir hvern nemendahóp fyrir sig í ljósi þeirra framhaldsverkefna sem nemendur áttu síðar að sinna í inngangsnámskeiðunum en framhaldsverkefnin voru breytilegt eftir inngangsnámskeiðum.

Nemendur í Uppeldis- og menntunarfræði gerðu stutta fræðilega ritgerð í vinnulagsnámskeiðinu og lengdu hana svo í inngangsnámskeiðinu. Bæði í Tómsunda- og félagsmálafræði og Þroskaþjálfingfræði varð ritgerð nemenda í vinnulaginu í raun uppistaðan í fræðilegum hluta verkefnis sem unnið var í inngangsnámskeiðunum þar sem verklegum hluta var bætt við verkefnið. Í Íþróttá- og heilsufræði var ekki unnið beint með vinnulagsritgerðina í inngangsnámskeiðinu þó að fjallað væri um svipað efni.

Kennarar námskeiðanna fimm sem að verkefninu komu voru sammála um að ýmsir kostir væru við þetta fyrirkomulag. Í fyrsta lagi virðist oft erfitt að vekja skilning nemenda á mikilvægi þess efnis sem fjallað er um í vinnulagsnámskeiðinu og var það eitt aðalmarkmið verkefnisins að bæta úr því. Með því að tengja námskeiðið sýnilega við inngangsnámskeiðin virðast nemendur líka hafa betur áttað sig á því hvernig vinnulag tengist vinnu í öðrum námskeiðum. Á miðmísseriskönnun í vinnulagsnámskeiðinu nefndu til að mynda fimm nemendur mikilvægi þess að læra þetta efni en enginn hafði nefnt þetta árið áður.

Í öðru lagi var fyrirkomulagið kærkominn umræðuvettvangur fyrir kennara allra námskeiðanna fimm. Þetta leiddi til betri verkaskiptingar þar sem kennarar í inngangsnámskeiðum áttu auðveldara með að vísa á umfjöllun í vinnulaginu og kennarar vinnulagsins gátu treyst á ákveðna efnislega yfirferð efnisins í inngangsnámskeiðunum. Þetta var þó ekki alltaf til bóta þar sem það að sleppa atriðum í inngangsnámskeiði kann að hafa valdið lakari kunnáttu nemenda í einhverjum tilfellum. Víst má þó telja að nemendur hafi frekar fengið sömu skilaboð í mismunandi námskeiðum þar sem leiðbeiningar og matskvarði voru samræmd á milli námskeiða.

Í þriðja lagi var það kostur fyrir nemendur sem vildu dýpka umfjöllun sína að fá að fjalla um sama efni bæði í vinnulaginu og innganginum. Hjá þeim nemendum sem nýttu sér það skilaði það sér í betri verkefnum.

Ekki gekk þó allt upp og vankantar við verkefnið voru nokkrir. Fyrst má nefna atriði sem tengist síðasta kostinum sem nefndur var um að dýpka verkefnin. Það voru nefnilega of margir sem ekki nýttu sér tækifæri til að dýpka umfjöllun sína. Raunar var það svo að of fáir nemendur unnu áfram með vinnulagsritgerðir sínar eins og ætlast var til í inngangsnámskeiðunum. Of margir skiluðu nánast óbreyttum texta í stað þess að aðlaga efnið nægilega vel þeim nýju forsendum sem giltu um ritgerðina í inngangsnámskeiðinu og nýta tækifærið til að dýpka umfjöllunina með nýjum tengingum. Ef til vill er þetta mikilvæg vísbending um þátt sem þarf að styrkja hjá nemendum almennt.

Í öðru lagi voru dæmi um atriði sem hefði mátt samræma betur og auðvelt er að laga næst þegar námskeiðin eru kennd. Þar má nefna að efnislegar kröfur í einu inngangsnámskeiði og formlegar kröfur í vinnulagi stönguðust að nokkru leyti á. Efnið átti að vera um íslenskan veruleika en beðið var um að flestar heimildir væru á ensku. Annað sem má nefna er að í öðru inngangsnámskeiði var veitt endurgjöf á ritgerðir nemenda nánast á sama tíma og nemendur áttu að skila ritgerðinni í vinnulaginu.

Í þriðja og fjórða lagi má nefna vandkvæði sem erfiðara getur reynst að laga nema með meiri skipulagsbreytingum. Fyrra atriðið er að það var ákveðinn ókostur að kennarar vinnulagsins skyldu ekki fara nægilega mikið yfir ritgerðirnar efnislega. Þetta getur valdið því að nemendur sem fá góða einkunn fyrir ritgerð sína í vinnulagsnámskeiðinu telja efnið í góðu lagi þegar svo er ef til vill ekki. Hér væri æskilegt að kennarar inngangsnámskeiða kæmu meira inn í ferlið og fyrr. Síðara atriðið er að samvinnan leiddi í ljós vanda þess að hafa sameiginlegt vinnulagsnámskeið fyrir námsleiðir þar sem kunna að vera mismunandi áherslur í ritgerðaskrifum. Sérstaklega kann að vera að Íþrótt- og heilsufræðin skeri sig frá hinum leiðunum með meiri raungreinanálgun. Þetta kann að útskýra það að erfiðara reyndist fyrir kennara þess inngangsnámskeiðs að nýta ritgerðina í vinnulaginu í sínu námskeiði.

Að þessu sögðu tókst samstarf vinnulagsins og inngangsnámskeiðanna vel þegar á heildina er litið. Það er sérstök þörf á að tengja vinnulag við önnur námskeið þannig að nemendur skilji mikilvægi vinnulagsins og virðist það hafa heppnast að nokkru leyti. Með meiri þróun er ljóst að sníða má að mestu af þá vankanta sem birtust í framkvæmd verkefnisins og einnig styrkja mikið þá óumdeilanlegu kosti sem af verkefninu hlutust.